*Alþingi*
*Erindi nr.* Þ 131/469
*komudagur* 6.12. 2004

Nefndasvið Alþingis
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2004.

**Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lögum nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, 131. löggjafarþing 2004-2005, þskj. 213 – 211. mál.**

Laganefnd LMFÍ hefur haft ofangreint frumvarp til athugunar. Markmið frumvarpsins er að innleiða í íslenskan rétt ákvæði tveggja tilskipana Evrópusambandsins, annars vegar tilskipun nr. 2002/87/EB um viðbótareftirlit með lánastofnunum, vátryggingafélögum og fjárfestingarfélögum í fjármálasamsteypu og hins vegar tilskipun nr. 2001/24/EB um endurskipulagningu og slit lánastofnana. Samkvæmt lagafrumvarpinu er þetta gert með þeim hætti að lagðar eru til ákveðnar breytingar á gildandi lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 60/1994 um vátryggingastarfsemi. Laganefnd LMFÍ gerir ekki athugasemdir við ákvæði frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður